

REGLUR UM AFREKSSJÓÐ ÍPRÓTTAMANNA

1. grein

Sjóðurinn heitir Afreksmannasjóður íþróttamanna í Vatnsleysustrandarhreppi. Sjóðurinn er í eigu Vatnsleysustrandarhrepps og í vörslu hreppsnefndar.

2. grein

Sjóðurinn veitir styrki og viðurkenningar samkvæmt ákvörðun hreppsnefndar, að fengnum umsögnum Íþróttá- og tómsbundanefndar Vatnsleysustrandarhrepps.

3. grein

Markmið sjóðsins er að styrkja einstaklinga eða hópa sem skarað hafa framúr í íþróttagrein sinni á landsvísu.

4. grein

Hreppsnefnd úthlutar styrkveitingum úr sjóðnum. Heimilt er að auglýsa eftir umsóknum um styrki eftir nánari ákvörðun hverju sinni. Hreppsnefnd getur einnig veitt styrki og viðurkenningar án umsókna að eigin frumkvæði. Sjóðurinn úthlutar styrkjum tvisvar sinnum á ári, í janúar og júní sé tilefni til.

5. grein

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- Árlegt framlag sveitarsjóðs samkvæmt fjárhagsáætlun.
- Frjáls framlög.
- Vaxtatekjur.

Samþykkt í hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps 1. nóvember 2005.